**Sþ. 104. Breytingartillögur [87. mál]**

við till. til þál. um rannsókn á styrkjum til landbúnaðarins.

Frá Garðari Halldórssyni og Páli Þorsteinssyni.

1. Tillögugreinin orðist svo:
   Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa nefnd fimm manna sérfróðra um landbúnað til að rannsaka, hve miklu fjármagni þurfi að verja af hálfu hins opinbera á næstu tíu árum til landbúnaðarins með óafturkræfum framlögum og lánveitingum, til þess að landbúnaðurinn geti fullnægt neyzluþörf þjóðarinnar á landbúnaðarvörum. Nefndin skal semja skýrslu um athuganir sínar og niðurstöður, og skal sú skýrsla birt almenningi.
2. Fyrirsögn till. orðist svo:
   Tillaga til þingsályktunar um fjármagnsþörf landbúnaðarins.